

Ákvæði til bráðabirgða:

Núverandi stjórnarmenn halda umboði sínu til loka kjörtímabils síns. Þeir tveir stjórnarmenn, sem ráðherra skipar, skulu í fyrsta sinn skipaðir til sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. janúar 1967:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	72.82%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	17.06%
3. Til Fiskimálasjóðs	5.86%
4. Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins	1.16%
5. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.52%
6. Til Landssambands íslenzkra útvegsmanna	0.79%
7. Til samtaka sjómanna samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	0.79%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli, loðnulýsi og grásleppuhrognum samkv. 2. gr. laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1967.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.